

**S A M Þ Y K K T**

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,  
nr. 74 20. marz 1945.

1. gr.

Í stað „18 km“ í 49. gr. samþykktarinnar komi: 35 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 208 24. ágúst 1964.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. september 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 257.

12. september 1972.

**A U G L Ý S I N G**

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Þann 4. september s. l. voru teknir í notkun stöðumælar við Pósthússtræti á milli Austurstrætis og Hafnarstrætis.

Gjald er fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og hámarkstími 30 mínútur.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 12. september 1972.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 258.

14. september 1972.

**A U G L Ý S I N G**

um viðauka og breytingar nr. 1 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II,  
Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 20. september 1972 tekur gildi viðauki og breytingar nr. 1 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. september 1972.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*